

ÁRSREIKNINGUR



Efnisyfirlit

Áritun og skýrsla stjórnar og forstjóra	1
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um eigið fé	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9
Aðrar upplýsingar - óendurskoðað	
Yfirlýsing um stjórnarhætti	36

Áritun og skýrsla stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Borgunar hf. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu, viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og lögum um fjármálafyrirtæki þar sem við á. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið

Borgun hf. er fjármálafyrirtæki, með starfsleyfi sem lánastofnun, er starfar á sviði greiðslumiðlunar og sérhæfir sig í færsluhirðingu fyrir seljendur og útgáfubjónustu við útgefendur greiðslukorta. Félagið er dótturfélag Íslandsbanka hf. og er ársreikningur félagsins hluti af samstæðureikningi

Stjórn setur félaginu áhættustefnu. Félagið hefur skilgreint áhættuþætti í rekstri sem eru rekstraráhætta, sem innifelur áhættu tengda upplýsingatæknikerfum félagsins, vaxtaáhætta, samþjöppunaráhætta, gjaldmiðlaáhætta, útlánaáhætta, lausafjáráhætta, endurkröfuáhætta og hlutabréfaáhætta. Hjá félaginu starfar áhættustjóri sem hefur það hlutverk að meta og hafa eftirlit með áhættu sem að félaginu kann að stöðja.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2017 350,2 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 31,7 milljarði króna og bókfært eigið fé í árslok er 6,8 milljarðar króna. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skal lágmarks eigið fé félagsins vera 1.876 milljónum króna, sjá nánar skýringu 17. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 23,7% en lágmarkshlutfall samkvæmt lögum er 8%. Markmið félagsins er að á hverjum tíma skuli eiginfjárhlutfall félagsins ekki fara undir 20%. Stjórn félagsins leggur til að enginn arður verði greiddur til hluthafa á árinu 2018.

Á árinu störfuðu 153 starfsmenn, 59% konur og 41% karlar, að meðaltali hjá félaginu og námu laun og launatengd gjöld samtals um 2.087,3 milljónum króna. Í lok árs voru með forstjóra 12 starfandi forstöðumenn og var hlutfallið þannig að 33% voru konur og 67% karlar. Í stjórn félagsins eru fimm aðalmenn og tveir til vara. Kynjahlutföll stjórnar eru þannig að aðalmenn eru 60% karlar og 40% konur. Kynjahlutföll varamanna í stjórn eru 50% konur og 50% karlar.

Félagið stendur í málaferlum þar sem ekki liggja fyrir möguleg fjárhagsleg áhrif á félagið. Nánar er fjallað um þau í skýringu 20 um óvissar skuldir í árseikningnum.

Áritun og skýrsla stjórnar og forstjóra, frh.:

Samkvæmt samþykktum félagsins nam hlutafé félagsins 441 milljón króna að nafnverði í lok ársins og voru hluthafar í félaginu 45 sem er aukning um einn hluthafa frá fyrra ári. Hluthafar eru eftirfarandi:

Íslandsbanki hf.	63,47%
Eignarhaldsfélagið Borgun síf.	32,43%
BPS ehf.	2,00%
Vetragil ehf.	0,96%
P 126 ehf.	0,15%
Fasteignafélagið Auðbr. 17 ehf.	0,14%
Kæjukot ehf.	0,14%
Björgvin Áskelsson	0,10%
Bergþóra K. Ketilsdóttir	0,07%
JBS 210 ehf.	0,06%
Aðrir hluthafar (35)	0,48%

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2017, rekstrarafkomu félagsins og breytingum á handbæru fé á árinu 2017.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn Borgunar hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. janúar 2018


Erlendur Magnússon


Björg Sigurðardóttir


Halldór Kristjánsson


Óskar Veturlíði Sigurðsson


Sigrún Helga Jóhannsdóttir

Forstjóri:


Sæmundur Sæmundsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Borgunar hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Borgunar hf. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og lögum um fjármálafyrirtæki þar sem við á.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Borgun hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og lögum um fjármálafyrirtæki þar sem við á. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forstjóra að meta rekstrarhæfi Borgunar hf. og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagaslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.


Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýst um öll tengsl eða önnur atriði sem raunhæft er að ætla að gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og eftir því sem við á, til hvaða varúðarráðstafana við höfum gripið til að tryggja óhæði okkar.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum.

Reykjavík, 30. janúar 2018



Ásbjörn Björnsson
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Yfirlit um heildarafkomu árið 2017

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Rekstrarreikningur

Hreinar vaxtatekjur	Skýr.	2017	2016
Vaxtatekjur		1.201.432	1.345.075
Vaxtagjöld		(23.967)	(29.264)
	5	<u>1.177.465</u>	<u>1.315.811</u>
Hreinar þjónustutekjur			
Þjónustutekjur		9.684.426	11.440.894
Þjónustugjöld		(6.916.306)	(7.509.175)
		<u>2.768.121</u>	<u>3.931.719</u>
Tekjur af fjáreignum og aðrar tekjur			
Hreinar tekjur af fjáreignum og skuldum	6	75.373	6.222.800
Hreinn gjaldeyrismunur		193.937	(34.604)
Aðrar tekjur		9.543	18.813
Hreinar rekstrartekjur		<u>4.224.439</u>	<u>11.454.541</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	7	(2.087.292)	(1.886.718)
Annar rekstrarkostnaður		(1.507.986)	(1.265.978)
Afskriftir og viðsnúningur virðisrýrnunar	13	(122.383)	58.914
		<u>(3.717.661)</u>	<u>(3.093.783)</u>
Virðisrýrnun útlána og krafna	11	<u>(81.433)</u>	<u>(45.459)</u>
Hagnaður fyrir skatta		425.345	8.315.299
Tekjuskattur	9	(75.166)	(418.607)
Sérstakur fjársýsluskattur	9	0	(49.686)
Hagnaður ársins		<u><u>350.179</u></u>	<u><u>7.847.006</u></u>
Önnur heildarafkoma			
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:			
Hrein virðisbreyting á gangvirði	12	443.448	728.009
Gangvirðisbreyting endurflokkuð í rekstrarreikning	12	0	(6.212.542)
Heildarafkoma ársins		<u><u>793.627</u></u>	<u><u>2.362.473</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýr.	2017	2016
Eignir			
Handbært fé	10	18.659.918	26.052.838
Kröfur á lánastofnanir		116.872	340.367
Kröfur á alþjóðleg kortafyrirtæki		3.080.807	2.159.016
Tryggingar vegna alþjóðlegra kortafyrirtækja		1.090.907	1.163.960
Útlán til viðskiptavina	11	4.363.697	4.385.658
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	18	997.604	1.230.097
Hlutdeildarfélag	18	80.398	44.580
Fjáreignir til sölu	12,18	1.262.407	818.959
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	1.290.439	1.185.252
Aðrar eignir	14	710.396	702.214
Eignir samtals		31.653.447	38.082.942
Skuldir			
Skuldir við seljendur		23.561.920	25.698.134
Lántaka	15	383.093	128.529
Tekjuskattsskuldbinding	9	65.580	11.021
Ógreiddir reiknaðir skattar	9	18.676	415.305
Aðrar skuldir	16	799.585	1.098.970
Skuldir samtals		24.828.854	27.351.959
Eigið fé			
Hlutfé		441.017	441.017
Yfirverðsreikningur		56.806	56.806
Lögbundinn varasjóður		110.254	110.254
Gangvirðisreikningur		403.978	(39.470)
Óráðstafað eigið fé		5.812.538	10.162.377
Eigið fé samtals	17	6.824.593	10.730.984
Eigið fé og skuldir samtals		31.653.447	38.082.942

Yfirlit um eigið fé

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Breytingar á eigin fé 2016

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Gangvirðis- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1	441.017	56.806	110.254	5.445.063	4.502.815	10.555.955
Heildarafkoma ársins.....	0	0	0	(5.484.533)	7.847.006	2.362.473
Greiddur arður til hluthafa (4,96 kr. á hlut)					(2.187.444)	(2.187.444)
Eigið fé 31/12	441.017	56.806	110.254	(39.470)	10.162.377	10.730.984

Breytingar á eigin fé 2017

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Gangvirðis- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1	441.017	56.806	110.254	(39.470)	10.162.377	10.730.984
Heildarafkoma ársins.....	0	0	0	443.448	350.179	793.627
Greiddur arður til hluthafa (10,657 kr. á hlut)	0	0	0	0	(4.700.018)	(4.700.018)
Eigið fé 31/12	441.017	56.806	110.254	403.978	5.812.538	6.824.593

Yfirlit um sjóðstreymi 2017

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Rekstrarhreyfingar	Skýr.	2017	2016
Hagnaður ársins.....		350.179	7.847.006
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hagnaður af sölu á varanlegum rekstrarfjármunum		(655)	0
Virðisýrnnun útlána	11	81.433	45.459
Afskriftir og viðsnúningur virðisýrnnunar	13	122.383	(58.914)
Hreinn gjaldeyrismunur		(193.937)	34.604
Hreinar vaxtatekjur	5	(1.177.465)	(1.315.811)
Matsbreyting og söluhagnaður á fjáreignum á gangvirði	6	(65.456)	(6.217.751)
Tekjuskattsskuldbinding, breyting		54.559	50.645
Rekstrarhreyfingar samtals		<u>(828.959)</u>	<u>385.237</u>
Kröfur á lánastofnanir, breyting		215.892	64.838
Útlán, breyting		(31.532)	(80.517)
Kröfur á alþjóðakortafyrirtæki, breyting		(921.791)	(855.044)
Aðrar eignir, breyting		64.870	121.554
Viðskiptareikningar og aðrar skuldir, breyting		(3.439.417)	2.969.730
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda samtals		<u>(4.940.936)</u>	<u>2.605.798</u>
Innheimtar vaxtatekjur		1.209.035	1.347.332
Greidd vaxtagjöld		(8.585)	(24.040)
Greiddir skattar	9	(415.306)	(489.486)
Handbært fé (til) frá rekstri		<u>(4.155.791)</u>	<u>3.439.604</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Seldar (keyptar) fjáreignir á gangvirði		280.292	225.830
Keypt í hlutdeildarfélagi		(35.818)	(44.580)
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	13	(232.715)	(400.650)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	13	5.800	0
Fjáreignir til sölu		0	4.943.113
Fjárfestingarhreyfingar		<u>17.559</u>	<u>4.723.713</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður til hluthafa		(4.700.018)	(2.187.444)
Lántaka, breyting	15	239.183	58.498
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(4.460.836)</u>	<u>(2.128.946)</u>
Hækkun á handbæru fé		(8.599.068)	6.034.371
Handbært fé í ársbyrjun		26.052.838	20.329.742
Gengismunur vegna handbærs fjár		1.206.148	(311.275)
Handbært fé í lok ársins		<u>18.659.918</u>	<u>26.052.838</u>
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Eftirfarandi liðir koma ekki fram í sjóðstreyminu:			
Afhent krafa fyrir fjáreign til sölu		0	(411.000)

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

1. Starfsemi

Borgun hf. er með aðsetur á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Ármúla 30, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Íslandsbanka hf. og er ársreikningur félagsins hluti af samstæðureikningi bankans.

Tilgangur félagsins er að reka alhliða greiðslumiðlun, markaðsstarf vegna greiðslumiðla, hvort sem þeir eru gefnir út í nafni félagsins eða af öðrum með leyfi félagsins, að veita viðtöku færslum frá seljendum og annast uppgjör við þá, svo og að tengjast öðrum greiðslumiðlunarkerfum, innlendum og erlendum. Ennfremur þjónusta við útgefendur greiðslumiðla, lánastarfsemi í formi neytendalána, innheimtustarfsemi, rekstur umboðsskrifstofu, m.a. fyrir erlend greiðslumiðlunarfélög og annar skyldur rekstur.

2. Grundvöllur reikningsskila

2.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur Borgunar hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS - International Financial Reporting Standards) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu, viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og lögum um fjármálafyrirtæki þar sem við á.

Ársreikningurinn var samþykktur af forstjóra og stjórn félagsins og leyfður til birtingar þann 30. janúar 2018.

2.2 Nýir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og hafa tekið gildi frá og með reikningsárinu sem hófst 1. janúar 2017 og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem hafa verið gefin út og taka gildi 1. janúar 2018 og síðar, en heimilt er að taka upp fyrr. Eftirfarandi staðlar hafa þýðingu fyrir reikningsskil félagsins:

IFRS 9 Fjármálagerningar: Staðallinn tekur gildi 1. janúar 2018. Staðallinn kemur í stað núverandi reglna í IAS 39 Fjármálagerningar: Færsla og mat. Áætluð áhrif á reikningsskilin af upptöku staðalsins eru metin vera um 18,5 millj. kr. sem koma til hækkunar á eigin fé félagsins með skattaáhrifum.

IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini: Staðallinn tekur gildi 1. janúar 2018. Staðallinn nær til sölu á vörum og þjónustu og setur heildstæðan ramma um veitingu upplýsinga til notenda reikningsskila um eðli, fjárhæð, tímasetningu og óvissu í tekjum og sjóðstreymi af samningum við viðskiptavini. Meginregla staðalsins byggir á að tekjufærsla skuli endurspeglja það gagngjald sem félagið væntir við yfirfærslu á vöru eða þjónustu til viðskiptavinar. Heimilt er að innleiða staðalinn fyrir gildistöku hans, en Borgun hf. hefur kosið að nýta ekki þá heimild. Lýsingu á starfsemi félagsins og helstu tekjustraumum má finna í skýringu 1. Félagið er að leggja mat á áhrif staðalsins á reikningsskilin og mun halda þeirri vinnu áfram en það er mat félagsins á þessum tíma að áhrif staðalsins muni vera á bilinu 15-30 millj. kr. til hækkunar á eigin fé félagsins með skattaáhrifum.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

IFRS 16 Leigusamningar: Staðallinn tekur gildi 1. janúar 2019. Staðallinn kemur í stað núgildandi reglna um leigusamninga og innleiðir eitt leigusamningslíkan fyrir leigutaka. Í því felst að leigutaki færir í efnahagsreikning nýtingarrétt að leigueign, sem endurspeglar rétt hans til að nýta undirliggjandi eign, og leiguskuld, sem endurspeglar skuldbindingu vegna framtíðarleigugreiðslna. Leigutaki færir í rekstrarreikning afskriftir af nýtingarétti leigueignar og vaxtagjöld af leiguskuld. Valkvæðar undanþágur frá þessu líkani er hins vegar að finna í staðlinum vegna skammtímaleigusamninga og leigusamninga þar sem verðmæti leigueignar er óverulegt. Borgun hf. er ekki með neina leigusamninga og því eru áhrif staðalsins engin á eigið fé félagsins.

2.3 Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnir fjármálagerningar eru færðir á gangvirði. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir.

2.4 Framsetningar- og starfsrækslugjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

2.5 Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa metið rekstrarhæfi félagsins. Það er mat þeirra að áframhaldandi rekstur félagsins sé tryggður og það sé vel í stakk búið til að mæta skuldbindingum sínum í fyrirsjáanlegri framtíð. Ársreikningurinn er því settur fram miðað við áframhaldandi starfsemi.

3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðar sjóðstreymi. Aðferðafræðin og ályktanir sem notaðar eru við að meta framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn á milli áætlaðs taps og raunverulegs taps. Sjá nánar í skýringu 11.

Mat á gangvirði eignarhluta í Visa Inc. má sjá í skýringu 12.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

4. Reikningsskilaaðferðir

4.1 Tekjur

Þjónustutekjur

Félagið veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu sem það fær greitt fyrir. Meðal tekna eru umboðslaun og aðrar þjónustutekjur vegna kortaviðskipta auk annarra tekna. Þjónustutekjurnar eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þjónustan er veitt.

Arður og vaxtatekjur

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar. Arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

4.2 Þjónustu- og vaxtagjöld

Þjónustugjöld

Þjónustugjöld eru að stærstum hluta milligjöld (e. interchange fees) vegna kortaviðskipta og gjöld til alþjóðlegra kortasamsteypa.

Vaxtagjöld

Vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti.

4.3 Erlendir gjaldmiðlar

Við gerð reikningsskila eru viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við skráð gengi á reikningsskiladegi. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskilatímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning, nema gengismunur vegna eignarhluta í erlendum félögum sem flokkast sem fjáreignir til sölu og eru metnir á gangvirði, en hann er færður á aðra heildarafkomu, sem hluti af gangvirðisbreytingum hlutabréfanna.

4.4 Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins. Skattskyldur hagnaður getur verið annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

4.5 Leigusamningar

Greiðslur af rekstrarleigusamningum eru gjaldfærðar línulega á leigutímanum nema önnur kerfisbundin aðferð endurspegli betur ávinning af notkun eignarinnar. Óvissar leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

4.6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning. Hagnaður er færður á meðal annarra tekna en tap er fært meðal annars rekstarkostnaðar.

4.7 Virðisrýrnun

Á reikningsskiladegi fer félagið yfir bókfært verð eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspeгла mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færast í rekstrarreikning.

4.8 Virðisrýrnun útlána og krafna

Tvær aðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnun, annars vegar á einstökum lánnum og kröfum og hins vegar tap á ákveðnum lánasöfnum. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun felst í upplýsingum um eftirfarandi atvik eða aðstæður:

- Umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakanda
- Samningsrof, svo sem vanskil á afborgunum eða á vöxtum eða greiðslum af höfuðstól
- Félagið veitir lántakanda af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandræðum lántakanda, ívilnun í formi endurfjármögnunar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda
- Það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangist annars konar fjárhagslega endurskipulagningu
- Virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir viðkomandi fjárhagslega eign vegna fjárhagslegra vandræða
- Greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánaflokki frá upphaflegri færslu eignanna, þótt minnkunin verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í flokknum, þar á meðal:
 - Óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakanda í flokknum; eða
 - Almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsaðstæður sem tengjast eignum í flokknum.

Mat einstakra útlána og krafna

Virðisrýrnun á einstökum lánnum og kröfum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfelli fyrir sig. Félagið metur á hverjum reikningsskiladegi hvort fyrir liggja hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra lána. Við matið er tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- Heildaráhætta félagsins gagnvart viðskiptavininum,
- Fjárhæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna,
- Líklegur ágóði til félagsins við búskipti eða gjaldþrot,
- Hversu flókið er að ákvarða heildarfjárhæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingarleg óvissa,
- Söluverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþátta) og líkindum á endurgreiðslu; og líklegur frádráttur kostnaðar við innheimtu útistandandi fjárhæða.

Virðisrýrnun er reiknuð með því að bera saman bókfært verð útlána og krafna við núvirði vænts framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti. Þegar lán er með breytilegum vöxtum er ávöxtunarkrafan sú sama og gildandi virkir vextir lánsins. Virðisrýrnun útlána og krafna er færð í afskriftareikning.

Virðisrýrnun á safni er metin með tilliti til eftirfarandi:

- framtíðarsjóðstreymi lánasafns sem er áætlað á grundvelli samningsbundins sjóðstreymis eignanna,
- söguleg tapreynsla í söfnum með svipuðum áhættueinkennum (t.d. eftir atvinnugrein, lánshæfismati eða tegund láns),
- áætlaður tími frá því virðisrýrnun hefur átt sér stað þar til hún er greind og færð með sérstöku framlagi í afskriftareikning,
- mat stjórnenda byggt á reynslu um hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður séu þannig að raunveruleg tapshætta sé önnur en tapsreynsla fyrri ára gefur tilefni til að ætla.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í eignasöfnum eru í samræmi við breytingar á undirliggjandi gögnum á hverjum tíma, til dæmis breytingum á eignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem benda til breyttra líkinda á tapi á söfnum og fjárhæð taps. Aðferðafræðin og forsendur sem notaðar eru til að áætla framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega til að lágmarka mun á milli áætlaðs og raunverulegs taps.

Endanlegar afskriftir útlána og krafna

Útlán og kröfur eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á að þau endurheimtist.

4.9 Fjáreignir og skuldir

4.9.1 Almenn

Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána og krafna, sem eru skráð þegar fjármagn er afhent lántakanda. Félagið afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

Fjárskuldir félagsins eru einkum skuldir við viðskiptamenn og lán frá fjármálastofnunum. Lántaka er upphaflega færð á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Fjárskuldir eru síðan metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði lántöknunar. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding félagsins er gerð upp með greiðslu, skuldaaðili fellur frá kröfunni eða samningsbundinn réttur fjárskuldar er felldur úr gildi.

Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Afskrifað kostnaðarverð fjáreigna og fjárskulda

Afskrifað kostnaðarverð fjáreigna og fjárskulda er sú fjárhæð sem fjáreign eða fjárskuld er metin á við upphaflega skráningu að teknu tilliti til niðurgreiðslu höfuðstóls og uppsafnaðra afskrifta á grundvelli virkra vaxta af mismun milli upphaflegrar skráningar og innlausnarvirðis, að teknu tilliti til virðisrýrnunar.

Virkir vextir

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem skráðar eru á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fáanlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjármálagerna sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst við núvirt fjárstreymi eða önnur verðmatslíkön. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðir eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerna. Félagið sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggir á markaðsupplýsingum.

4.9.2 Fjáreignir

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður í lánastofnunum.

Útlán til viðskiptavina og kröfur á lánastofnanir

Útlán til viðskiptavina og kröfur á lánastofnanir eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar og útreiknanlegar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði, fyrir utan þá sem félagið tilgreinir og færir á gangvirði. Útlán til viðskiptavina og kröfur fela í sér útlán sem félagið veitir viðskiptavinum sínum, útlán sem félagið tekur þátt í að veita ásamt öðrum lánastofnunum og keypt útlán sem eru óskráð og félagið hefur ekki í hyggju að selja í náinni framtíð.

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggist á gangvirði þeirra. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Fjáreignir til sölu

Félagið hefur flokkað tiltekna eignarhluti í öðrum félögum sem fjáreignir til sölu, en þær eru fjáreignir sem eru ekki afleiður og félagið tilgreinir sem til sölu eða flokkar ekki í aðra flokka fjáreigna.

Fjáreignir til sölu eru upphaflega færðar í efnahagsreikning á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði sem rekja má beint til kaupa þeirra. Fjáreignir til sölu eru síðan metnar á gangvirði og gangvirðisbreytingar eru færðar á aðra heildarafkomu, þar með talinn gengismunur af eignarhlutum í erlendum félögum. Þaðan eru gangvirðisbreytingarnar færðar á sérstakan gangvirðisreikning meðal eigin fjár þar til eignirnar eru afskráðar eða rýrna að virði.

Við afskráningu fjáreignar til sölu eru uppsafnaðar gangvirðisbreytingar hennar millifærðar af gangvirðisreikningi og færðar í rekstrarreikning gegnum aðra heildarafkomu. Það er einnig gert þegar hlutlægar vísbendingar eru um að virði eignarinnar hafi rýrnað. Fjárhæð uppsafnaðs taps sem er millifært af gangvirðisreikningi og fært í rekstrarreikning er mismunurinn á kostnaðarverði og gangvirði, að frádræginni virðisrýrnun sem hefur áður verið fært í rekstrarreikning, ef einhver er. Virðisrýrnun sem hefur verið færð í rekstrarreikning vegna fjárfestinga í eignarhlutum í öðrum félögum er ekki bakfærð í rekstrarreikningi.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum sem eru ekki með tilboðsverð á virkum markaði og gangvirði þeirra er ekki hægt að meta með áreiðanlegum hætti eru metnir á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Enginn gengismunur er færður í ársreikning vegna þessara eignarhluta. Um leið og mat á gangvirði þeirra er talið áreiðanlegt eru þessar eignir metnar á gangvirði og gangvirðisbreytingar eru færðar á aðra heildarafkomu, þar með talinn gengismunur af eignarhlutum í erlendum félögum.

Arður af eignarhlutum í öðrum félögum sem eru flokkaðir sem fjáreignir til sölu er færður í rekstrarreikning þegar réttur félagsins til arðgreiðslu stofnast.

Aðrar fjáreignir

Aðrir fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

4.9.3 Fjárskuldir

Fjárskuldir félagsins eru einkum skuldir við viðskiptamenn og lán frá fjármálastofnunum. Lántaka er upphaflega færð á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Fjárskuldir eru síðan metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði lántökunnar.

Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félagið ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar miðað við vænt framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

Fjárhagslegar ábyrgðir

Fjárhagslegar ábyrgðir eru samningar sem skuldbinda félagið til að endurgreiða tiltekna fjárhæð til handhafa ábyrgðar vegna taps sem hann verður fyrir þegar skuldari getur ekki staðið í skilum á gjalddaga í samræmi við skilmála skuldagernings.

Stórar áhættuskuldbindingar

Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161 frá 2002 eru stórar áhættuskuldbindingar skilgreindar sem lánveitingar, verðbréfaeign, eignarhlutir og veittar ábyrgðir fjármálafyrirtækis, svo og aðrar skuldbindingar gagnvart fjármálafyrirtækinu, sem nema 10% eða meira af eiginfjárgrunni þess.

Við uppgjör í færsluhirðingu til seljenda er félaginu oft nauðsynlegt að eiga umtalsverðar fjárhæðir í innstæðum hjá fjármálafyrirtækjum. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki má félagið ekki binda meira en annaðhvort 25% af hæfu fjármagni fjármálafyrirtækis eða 10 milljarða kr., hvort sem nemur hærri fjárhæð. Áhættuskuldbinding gagnvart fjármálafyrirtækjum skal þó aldrei vera hærri en 100% af hæfu fjármagni. Innri reglur Borgunar hf. mæla fyrir um að hámarks áhættuskuldbinding gagnvart einum aðila fari aldrei yfir 25% af hæfu fjármagni og var Borgun hf. innan þeirra marka á árinu.

Félagið fylgist með þróun mótaðilaáhættu bæði gagnvart fjármálafyrirtækjum sem og öðrum aðilum.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

5. Hreinar vaxtatekjur

Hreinar vaxtatekjur félagsins greinast þannig:

Vaxtatekjur	2017	2016
Handbært fé	696.354	801.594
Útlán til viðskiptavina	505.078	543.481
	<u>1.201.432</u>	<u>1.345.075</u>
Vaxtagjöld		
Lántaka	13.608	0
Önnur vaxtagjöld	10.359	29.264
	<u>23.967</u>	<u>29.264</u>
Hreinar vaxtatekjur	<u>1.177.465</u>	<u>1.315.811</u>

6. Hreinar tekjur af fjáreignum og skuldum

Hreinar tekjur af fjáreignum og skuldum greinast þannig:

	2017	2016
Arður af hlutabréfum	9.917	5.049
Matsbreyting hlutabréfa	65.456	5.209
Söluhagnaður vegna Visa Europe Ltd., sjá nánar skýringu 12	0	6.212.542
	<u>75.373</u>	<u>6.222.800</u>

7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2017	2016
Laun	1.609.689	1.426.992
Lífeyrissjóðsiðgjöld	219.131	201.929
Launatengd gjöld	258.472	257.798
	<u>2.087.292</u>	<u>1.886.718</u>

Starfsmannafjöldi:

Meðalfjöldi starfa	153	137
Stöðugildi í árslok	150	140

7.1 Kaupaukakerfi

Kaupaukakerfi félagsins skal hvetja þá er kaupauka njóta til að vinna að vexti og arðsemi félagsins á öruggan hátt án þess að stöðugleika sé ógnað. Tryggja skal á hverjum tíma að jafnvægi sé á milli fastra launa og kaupauka og að lágmörkuð sé óhóflig áhættutaka í tengslum við launagreiðslur. Heildarskuldbinding félagsins vegna væntra kaupauka í árslok nam 25.055 þús. kr. Reglur Borgunar hf. um kaupauka uppfylla reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja nr. 388/2016.

	2017	2016
Greiddir kaupaukar	<u>23.790</u>	<u>33.247</u>

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

7.2 Launakjör stjórnar og stjórnenda

Laun og þóknanir til forstjóra og stjórnar greinast þannig:

	2017	2016
Haukur Oddsson, fv. forstjóri	45.208	42.648
Forstöðumenn (13 starfsmenn)	262.101	238.232
Erlendur Magnússon, stjórnarformaður	6.655	5.655
Halldór Kristjánsson, stjórnarmaður	5.115	4.365
Óskar Veturliði Sigurðsson, stjórnarmaður	4.400	3.720
Björg Sigurðardóttir, stjórnarmaður	4.400	3.720
Sigrún Helga Jóhannsdóttir, varaformaður stjórnar	4.400	3.570
Varamenn stjórnar	326	300
	<u>332.605</u>	<u>302.210</u>

8. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:

	2017	2016
Endurskoðun ársreiknings	16.417	16.985
Könnun árshlutareiknings	5.812	5.448
	<u>22.229</u>	<u>22.433</u>

9. Tekjuskattur

9.1 Reiknaður tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 75,2 millj. kr. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2018 nemur 18,7 millj. kr.

	2017	2016
Tekjuskattur til greiðslu	18.676	365.620
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu	56.490	52.987
Reiknaður tekjuskattur	<u>75.166</u>	<u>418.607</u>

Greining á virku skatthlutfalli

	2017		2016	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	425.345		8.315.299	
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli	85.069	20,0%	1.663.060	20,0%
Arðstekjur undanþegnar sköttum	(1.983)	-0,5%	(1.010)	0,0%
Matsbreyting / söluhagnaður hlutabréfa	(12.154)	-2,9%	(1.245.788)	-15,0%
Annað	4.234	1,0%	2.345	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>75.166</u>	<u>17,7%</u>	<u>418.607</u>	<u>5,0%</u>

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

9.2 Tekjuskattsinnæign / (Tekjuskattsskuldbinding)

Reiknuð tekjuskattsinnæign / (tekjuskattsskuldbinding) greinist þannig:

	2017	2016
Staða 1/1	(11.021)	39.625
Leiðrétt frá fyrra ári	1.931	2.342
Reiknaður tekjuskattur ársins	(75.166)	(418.607)
Skattur til greiðslu vegna ársins	18.676	365.620
Staða 31/12	(65.580)	(11.021)

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á eftirfarandi liði:	2017
Varanlegir rekstrarfjármunir	(37.411)
Frestun gengismunar	(23.551)
Útlán til viðskiptavina	(4.618)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	(65.580)

9.3 Sérstakir skattar

Sérstakur fjársýsluskattur er 6% viðbótar tekjuskattur á tekjuskattsstofn umfram 1 milljarð króna í samræmi við lög nr. 165/2011 um fjársýsluskatt.

	2017	2016
Sérstakur fjársýsluskattur á tekjuskattsstofn umfram 1 milljarð króna	0	49.686
	0	49.686

10. Handbært fé

Við gerð yfirlits um sjóðstreymi, felur handbært fé í sér reiðufé og óbundnar innstæður í lánastofnunum. Handbært fé sem fram kemur í yfirliti um sjóðstreymi samanstendur af eftirfarandi fjárhæðum:

	31.12.2017	31.12.2016
Bankainnstæður í íslenskum krónum	16.738.621	20.370.262
Bankainnstæður í erlendri mynt	1.921.148	5.682.427
Sjóður	150	150
	18.659.918	26.052.838

11. Útlán til viðskiptavina

11.1 Greining útlána til viðskiptavina

Útlán til viðskiptavina greinast þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Skuldabréf	3.575.666	3.719.962
Aðrar kröfur og úttektir korthafa	788.031	665.696
	4.363.697	4.385.658

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Útlán til viðskiptavina á afskrifuðu kostnaðarverði þann 31.12.2017 greinast þannig eftir tegundum lána:

	Heildarútlán	Virðisrýrnun	Bókfært verð
Neytendalán	3.388.017	(102.366)	3.285.651
Annað	2.245	(33)	2.211
Lán til fyrirtækja	1.092.107	(16.273)	1.075.834
	<u>4.482.369</u>	<u>(118.672)</u>	<u>4.363.697</u>

Útlán til viðskiptavina á afskrifuðu kostnaðarverði þann 31.12.2016 greinast þannig eftir tegundum lána:

	Heildarútlán	Virðisrýrnun	Bókfært verð
Neytendalán	3.731.288	(120.860)	3.610.428
Annað	2.425	(35)	2.390
Lán til fyrirtækja	782.516	(9.675)	772.841
	<u>4.516.228</u>	<u>(130.570)</u>	<u>4.385.658</u>

Útlán til viðskiptavina eftir lántakendum greinast þannig:

	2017	% af heild
Fyrirtæki	1.075.834	24,7%
Einstaklingar	3.287.863	75,3%
	<u>4.363.697</u>	<u>100,0%</u>

	2016	% af heild
Fyrirtæki	772.841	17,6%
Einstaklingar	3.612.818	82,4%
	<u>4.385.658</u>	<u>100,0%</u>

Greining útlána til viðskiptamanna í árslok 2017:

	Lán til einstaklinga	Lán til fyrirtækja	Samtals
Virðisrýrð útlán	75.494	0	75.494
Virðisrýrnun	(53.009)	0	(53.009)
	<u>22.485</u>	<u>0</u>	<u>22.485</u>

Lán í vanskilum án sérstakrar virðisrýrnunar	68.302		68.302
Útlán í skilum	3.246.467	1.092.107	4.338.573
Virðisrýrnun lánasafns	(49.391)	(16.273)	(65.663)
	<u>3.265.378</u>	<u>1.075.834</u>	<u>4.341.212</u>

Útlán til viðskiptamanna samkvæmt efnahagsreikningi	<u>3.287.863</u>	<u>1.075.834</u>	<u>4.363.697</u>
---	------------------	------------------	------------------

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Greining útlána til viðskiptamanna í árslok 2016:

	Lán til einstaklinga	Lán til fyrirtækja	Samtals
Virðisýrð útlán	95.307	0	95.307
Virðisýrnun	(68.232)	0	(68.232)
	<u>27.074</u>	<u>0</u>	<u>27.074</u>
Lán í vanskilum án sérstakrar virðisýrnunar	74.333	0	74.333
Útlán í skilum	3.564.073	782.516	4.346.589
Virðisýrnun lánasafns	(52.663)	(9.675)	(62.338)
	<u>3.585.743</u>	<u>772.841</u>	<u>4.358.584</u>
Útlán til viðskiptamanna samkvæmt efnahagsreikningi	<u>3.612.818</u>	<u>772.841</u>	<u>4.385.658</u>

11.2 Aldursgreining lána

Aldursgreining lána í vanskilum án sérstakrar virðisýrnunar í árslok:

	31.12.2017	31.12.2016
Gjaldfallið innan 30 daga	41.360	43.080
Gjaldfallið fyrir 31-60 dögum	14.969	19.980
Gjaldfallið fyrir 61-90 dögum	11.973	11.273
	<u>68.302</u>	<u>74.333</u>

11.3 Afskriftareikningur útlána og krafna

Breytingar á afskriftareikningi útlána og krafna greinast þannig:

	Sérstakur	Almennur	Samtals
Afskriftareikningur útlána og krafna 1. janúar 2016	65.989	79.648	145.637
Afskrifað á árinu	(83.640)	0	(83.640)
Innborgað á árinu, áður afskrifað	23.115	0	23.115
Virðisýrnun útlána og krafna á árinu	62.768	(17.310)	45.459
Afskriftareikningur útlána og krafna 31. desember 2016	68.232	62.338	130.570
Afskrifað á árinu	(97.764)	0	(97.764)
Innborgað á árinu, áður afskrifað	55.461	0	55.461
Virðisýrnun útlána og krafna á árinu	27.080	3.325	30.405
Afskriftareikningur útlána og krafna 31. desember 2017	<u>53.008</u>	<u>65.664</u>	<u>118.672</u>

11.4 Virðisýrnun útlána og krafna

	31.12.2017	31.12.2016
Virðisýrnun útlána og krafna á árinu	30.405	45.459
Önnur virðisýrnun	51.028	0
Virðisýrnun útlána og krafna skv. rekstrarreikningi	<u>81.433</u>	<u>45.459</u>

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

12. Fjáreignir til sölu

Fjáreignir til sölu sem félagið á flokkast allar í stig 3, þ.e.a.s. gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Um er að ræða forgangshlutabréf í C flokki í Visa Inc. sem félagið eignaðist þegar það seldi hlut sinn í Visa Europe Ltd. á árinu 2016. Bréfin eru háð sölutakmörkunum og hefur Visa Inc. heimild til að breyta forgangsbréfum í almenn bréf á árunum 2020 til 2028. Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum gæti þurft að skila þeim. Gangvirði bréfanna var metið með því að horfa til nýjasta markaðsvirðis almennra bréfa og færa þau niður um rúmlega 40% vegna óvissu um ýmis lagaleg atriði og óvissu um seljanleika. Breyting á gangvirði frá árslokum 2016 til 31. desember 2017, nam 443 millj. kr., og er færð á gangvirðisreikning meðal eigin fjár.

13. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Aðrir varanlegir rekstrar- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð			
1. janúar 2016	697.120	697.106	1.394.226
Viðbætur	244.362	156.978	401.340
Selt og niðurlagt á árinu	0	(336.899)	(336.899)
1. janúar 2017	941.482	517.185	1.458.667
Viðbætur	17.469	215.246	232.715
Selt og niðurlagt á árinu	0	(80.805)	(80.805)
31. desember 2017	958.951	651.626	1.610.577
Uppsafnaðar afskriftir og virðisrýrnun			
1. janúar 2016	217.130	451.407	668.537
Afskriftir	11.260	80.802	92.062
Viðsnúningur virðisrýrnunar	(181.857)	0	(181.857)
Selt og niðurlagt á árinu	0	(305.326)	(305.326)
1. janúar 2017	46.533	226.883	273.416
Afskriftir	17.015	105.368	122.383
Selt og niðurlagt á árinu	0	(75.661)	(75.661)
31. desember 2017	63.548	256.590	320.138
Bókfært verð 31. desember 2016	894.949	290.302	1.185.252
Bókfært verð 31. desember 2017	895.403	395.036	1.290.439

Áætlaður nýtingartími varanlegra rekstrarfjármuna er eftirfarandi:

Fasteignir	50 ár
Bifreiðar	6 - 7 ár
Tölvu- og hugbúnaður	3 - 10 ár
Innréttingar og skrifstofubúnaður	6 - 7 ár

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	31.12.2017	31.12.2016
Fasteignamat húseigna og lóða	540.100	485.190
Brunabótamat húseigna	893.050	832.410
Vátryggingarverð innréttinga, skrifstofubúnaðar og bifreiða	412.105	360.098

14. Aðrar eignir

	31.12.2017	31.12.2016
Fyrirframgreidd gjöld	76.613	117.160
Listaverk	6.960	6.960
Krafa á Visa Inc.	377.912	355.457
Eignarhlutir í öðrum félögum	73.960	28.960
Aðrar kröfur	174.952	193.677
	<u>710.396</u>	<u>702.214</u>

15. Lántaka

Skuldir án veða á afskrifuðu kostnaðarverði greinast þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Skuldir við fjármálastofnanir	383.093	128.529
	<u>383.093</u>	<u>128.529</u>

Vaxtaberandi skuldir í árslok eftir gjaldmiðlum greinast þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Skuldir í EUR	379.181	502
Skuldir í ISK	3.913	128.027
	<u>383.093</u>	<u>128.529</u>

Næsta árs afborganir	<u>3.913</u>	<u>128.529</u>
----------------------------	--------------	----------------

Afborganir greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2018	3.913
Afborganir 2019	0
Afborganir 2020	379.181
	<u>383.093</u>

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Greining lántöku:

	Fjárstreymi		Aðrar hreyfingar		31.12.2017
	1.1.2017	Breyting á árinu	Áfallnir vextir	Gengisbreyt.	
Lántaka ISK	128.529	(124.616)	0	0	3.913
Rekstrarlán EUR	0	363.799	2.964	12.417	379.180
Samtals skuld vegna lántöku	<u>128.529</u>	<u>239.183</u>	<u>2.964</u>	<u>12.417</u>	<u>383.093</u>

16. Aðrar skuldir

	31.12.2017	31.12.2016
Viðskiptaskuldir	370.398	633.634
Ógreidd laun og launatengd gjöld	266.335	262.639
Aðrar skuldir	162.852	202.697
	<u>799.585</u>	<u>1.098.970</u>

17. Eigið fé

17.1 Eiginfjárstýring

Við mat á eiginfjárförf miðar félagið við ákvæði laga um eiginfjárlutfall sem kveða á um 8% lágmarks eiginfjárlutfall í árslok 2017. Við mat á eiginfjárlutfallinu er farið eftir alþjóðlegum stöðlum um mat á eiginfjárlutfalli (Basel III / CRD IV).

Samkvæmt lögum skal eigið fé félagsins ekki vera lægra en 5 millj. evra. Eigið fé félagsins í árslok er 6.824,6 millj. kr. eða sem svarar til 54,7 millj. evra á gengi í árslok.

Heildareiginfjárfkrafa greinist þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Útlánaáhætta	986.552	956.730
Markaðsáhætta	196.381	151.080
Rekstraráhætta	693.333	706.412
Lágmarks eiginfjárfkrafa skv. lögum	<u>1.876.267</u>	<u>1.814.222</u>
Lágmarks eigið fé, EUR 5.000.000 @ 124,7 / 118,8	623.500	594.000
Eiginfjárgrunnur	5.562.186	9.807.432
Eiginfjárlutfall	23,7%	43,2%

Eigið fé Borgunar hf. er umfram lögbundið lágmark. Ef reiknað er út frá kröfu um lágmarks eigið fé, að viðbættum eiginfjárlögum ákvörðuðum af Fjármálaeftirlitinu, þá er eigið fé, notað til útreiknings á eiginfjárlutfalli, umfram lágmarkskröfu 2.806,4 millj. kr. Samkvæmt 85 gr. laga nr. 161/2002 skal draga frá eiginfjárgrunni bókfært virði á eignarhlutum í öðrum fjármálafyrirtækjum.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Samkvæmt 86. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal Borgun hf. viðhalda eiginfjárukum í samræmi við 86. gr. laganna og hefur Borgun hf. verið tilkynnt af Fjármálaeftirlitinu að eiginfjárukar skuli vera 3,75% sem skiptast í sveiflujöfnunar- og verndunarauka.

Félagið gerir árlega innra matsferli fyrir eiginfjárbörf - ICAAP (e. Internal Capital Adequacy Assessment Process). Samkvæmt síðustu skýrslu sem skilað hefur verið til Fjármálaeftirlitsins, var félagið vel í stakk búíð til að mæta þeirri áhættu sem félagið stendur frammi fyrir með það eigið fé sem það hefur.

17.2 Hlutfé

Hlutfé greinist þannig í árslok:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok	441.016.539	100%	441.017
	<u>441.016.539</u>	<u>100%</u>	<u>441.017</u>

Samkvæmt samþykktum félagsins nam hlutfé félagsins 441 millj. kr. að nafnverði í lok ársins. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allir útgefnir hlutir eru að fullu greiddir.

17.3 Gangvirðisreikningur

Gangvirðisreikningur inniheldur uppsafnaðar gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu þar til eignirnar eru afskráðar, virðisrýrðar eða seldar.

18. Fjármálagerningar

18.1 Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir skiptast í eftirfarandi flokka:

Fjáreignir	31.12.2017	31.12.2016
Handbært fé	18.659.918	26.052.838
Fjáreignir til sölu (sjá skýringu 12)	1.262.407	818.959
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning	997.604	1.230.097
Útlán til viðskiptavina	4.363.697	4.385.658
Kröfur á alþjóðleg kortafyrirtæki	3.080.807	2.159.016
Tryggingar vegna alþjóðlegra kortafyrirtækja	1.090.907	1.163.960
Kröfur á lánastofnanir	116.872	340.367
Aðrar fjáreignir	694.122	609.163
	<u>30.266.336</u>	<u>36.760.059</u>
Fjárskuldir		
Skuldir við seljendur	23.561.920	25.698.134
Lántaka	383.093	128.529
Aðrar skuldir	799.585	1.098.970
	<u>24.744.598</u>	<u>26.925.633</u>

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga, lán og kröfur, aðrar fjáreignir og aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisýrnun.

Fjáreignir tilgreindar á gangvirði greinast þannig:	31.12.2017	31.12.2016
Óskráð erlend hlutabréf	0	104.597
Skráð erlend skuldabréf	997.604	1.125.500
	<u>997.604</u>	<u>1.230.097</u>

18.2 Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga, færða á gangvirði, flokkaða eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í 3 stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis fjármálagerninganna. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: gangvirðismatið byggir á uppgefnu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Stig 2: gangvirðismatið byggir ekki á uppgefnu verði á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina eða skuldina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum).

Stig 3: gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum.

Félagið metur í lok hvers árs hvort eignir og skuldir sem reglulega eru metnar til gangvirðis hafi færst milli þrepa, með því að yfirfara flokkunina og er þá byggt á uppruna þeirra breyta sem hafa mikil áhrif á gangvirðismat eignanna.

31. desember 2017	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir til sölu	0	0	1.262.407	1.262.407
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	997.604	0	0	997.604
	<u>997.604</u>	<u>0</u>	<u>1.262.407</u>	<u>2.260.012</u>

31. desember 2016	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir til sölu	0	0	818.959	818.959
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	1.125.500	104.597	0	1.230.097
	<u>1.125.500</u>	<u>104.597</u>	<u>818.959</u>	<u>2.049.056</u>

Nánari upplýsingar um mat á gangvirði fjáreigna til sölu koma fram í skýringu 12.

Það er mat stjórnenda félagsins að bókfært verð annarra fjárskulda og fjáreigna félagsins sé um það bil jafnt gangvirði þeirra.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

18.3 Áhættustýring

Í daglegri starfsemi sinni sem fjármálafyrirtæki stendur félagið frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Stjórnendur félagsins verja umtalsverðum tíma í að stjórna þessari áhættu og fer áhættumat fram með formlegum og skipulögðum hætti. Eitt það mikilvægasta í skilvirkri áhættustjórnun er greining verulegra áhættupáttanna, mæling áhættunnar, viðbrögð til að takmarka áhættuna og sífelld eftirlit með áhættunni. Fjallað er um helstu áhættupætti hér á eftir. Helstu áhættupættir eru rekstraráhætta, sem innifelur áhættu tengda upplýsingatæknikerfum félagsins, vaxtaáhætta, samþjöppunaráhætta, gjaldmiðlaáhætta, útlánaáhætta, lausafjárahætta, endurkröfuáhætta og hlutabréfaáhætta.

Áhættumat, einkum ákvörðun raungildis þess, ásamt aðgerðum sem beinast að því að takmarka áhættuna með skynsamlegri dreifingu útlána og fjárfestingum í öðrum eignum, er eitt af helstu verkefnum fjármálafyrirtækja. Margir áhættupættir geta haft slæm áhrif á rekstur félagsins. Það er stefna stjórnar félagsins að fylgst skuli sífelld með og reynt að stjórna helstu áhættupáttum sem haft geta áhrif á afkomu og eigið fé félagsins. Í þessum tilgangi er virk áhættustýring innan félagsins og að auki er það hlutverk innri endurskoðunar félagsins að fylgjast með starfsemi til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnar.

Markmið með áhættustýringu er að greina helstu áhættupætti sem fylgja starfsemi félagsins, innleiða aðferðir til að fylgjast með þeim, meta þá reglulega, viðhalda eftirliti og reglum til að halda viðkomandi áhættupáttum innan skilgreindra viðmiða og þannig finna ásættanlegt jafnvægi milli lágmarkunar áhættu annars vegar og hámarkunar tekna félagsins hins vegar.

Stjórn félagsins setur áhættustefnu og ber ábyrgð á því gagnvart hluthöfum að henni sé framfylgt. Forstjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn og hefur eftirlit með því að reglunum sé framfylgt.

Hjá félaginu starfar áhættustjóri sem hefur það hlutverk að meta og hafa eftirlit með þeirri áhættu sem að félaginu kann að stöðja. Forstöðumenn sviða bera hver um sig ábyrgð gagnvart forstjóra á stýringu á áhættupáttum sem að þeim snúa. Í því felst að framfylgja reglum þessum og öðrum reglum og viðmiðum um áhættustýringu sem settar kunna að verða.

18.4 Rekstraráhætta

Félagið skilgreinir rekstraráhættu sem áhættuna á fjárhagslegu tjóni sem kann að stafa af ófullnægjandi innri ferlum, fólki eða kerfum, eða vegna ytri atburða sem kunna að verða. Félagið skilgreinir helstu rekstraráhættu sem áhættu tengda upplýsingakerfum félagsins, þá sérstaklega heimilda- og kortakerfis, áhættu tengda kjarnaferlum, endurkröfuáhættu, orðsporsáhættu, lagalega áhættu og samþjöppunaráhættu.

18.5 Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Rekstur félagsins er viðkvæmur fyrir vaxtabreytingum eins og sjá má í næmnigreiningu. Helsta vaxtaáhætta félagsins er annars vegar hættan af töpuðum áætluðum tekjum sökum slakrar ávöxtunar bankainnstæðna og hins vegar af neikvæðum mun vaxtatekna og fjármögnunarkostnaðar í neytendalánastarfsemi.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Borgun hf. býður neytendalán, stefna félagsins er að einungis lán sem veitt eru til skamms tíma beri fasta vexti. Lán sem veitt eru til lengri tíma eru ætíð með breytilegum vöxtum til að draga úr áhættu vegna vaxtabreytinga.

Misræmi er milli vaxtaberandi eigna og skulda sem orsakast af seinkun á uppgjörum til seljenda bæði í íslenskum krónum og erlendum myntum. Helstu ráðstafanir sem félagið gæti notað til að draga úr vaxtaáhættu vegna seinkaðra uppgjöra eru að gera upp við kaupmenn á sama tíma og félagið fær greitt frá útgefendum greiðslukorta (innlendum sem og erlendum). Félagið hefur í auknum mæli á innlendum færsluhirðingarmarkaði boðið seljendum tíðari uppgjör á kreditkortaveitu og með því dregið úr vaxtaáhættu, en stór hluti seljenda kýs þó að fá gert upp vikulega eða mánaðarlega og eru þá vextir reiknaðir inn í verðlagningu félagsins til seljenda. Félagið telur ekki rétt að grípa til sambærilegra ráðstafana á erlendum færsluhirðingarmarkaði þar sem þar yrðu þær til þess fallnar að auka endurkröfuáhættu félagsins.

Næmnigreining

Í töflunni hér á eftir er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á hreinar vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2017		31.12.2016	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	86.131	172.262	116.568	233.136

18.6 Samþjöppunaráhætta

Helsta samþjöppunaráhætta félagsins tengist fæð viðskiptavina í útgáfuþjónustu og tengslum umboðssöluaðila (e. Independent sales organisations) við seljendur á Alþjóðasviði. Til að lágmarka áhrif áhættu tengdri því að viðskiptavinir í útgáfuþjónustu fari með viðskipti til annars útgáfuþjónustuaðila hefur félagið samið um tiltölulega langan uppsagnarfrest. Til að lágmarka áhættu af því að stór umboðsaðili Alþjóðasviðs færi viðskipti til annars færsluhirðis hefur félagið unnið markvisst að því að fjölga umboðsaðilum og minnka þannig vægi einstakra umboðsaðila í heildarviðskiptum Alþjóðasviðs.

18.7 Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Félagið stefnir að því að takmarka gjaldmiðlaáhættu og fylgist með henni í samhengi við heildar eigið fé félagsins. Að jafnaði skal miðað við að jafnvægi ríki milli eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum. Þó er heimilt að víkja þar frá, enda sé fylgt ákvæðum reglna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð. Í því felst að opin gjaldeyrisstaða félagsins í einstökum erlendum gjaldmiðlum skal hvorki vera jákvæð né neikvæð um meira en nemur 15% af eigin fé samkvæmt skilgreiningu í þeim reglum og samkvæmt síðasta uppgjöri. Þá skal heildargjaldeyrisjöfnuður félagsins hvorki vera jákvæður né neikvæður umfram 15% af eiginfjárgrunni félagsins.

Fari gjaldeyrisjöfnuður umfram þau mörk sem tilgreind eru skal þegar gripið til aðgerða til að laga hann. Miða skal við að jöfnuðurinn sé færður aftur innan tilskilinna marka, eigi síðar en innan þriggja viðskiptadaga.

Meirihluti eigna og skulda félagsins er í íslenskum krónum en þó á félagið töluvert af erlendum fjáreignum sem rekja má til umsvifa félagsins erlendis. Samhliða auknum umsvifum í færsluhirðingu erlendis hefur gjaldmiðlaáhætta vegna þjónustutekna félagsins aukist. Við styrkingu á gengi íslensku krónunnar, gagnvart þeim erlendu myntum sem félagið stundar viðskipti með, minnka þjónustutekjur félagsins samhliða. Hér á eftir eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar félagsins sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Upplýsingar um gengi og útreikning breytinga taka tillit til miðgengis.

	Árslokagengi		Meðalgengi		Breyting
	2017	2016	2017	2016	2017
EUR	125,05	119,13	120,54	133,59	-9,8%
GBP	140,98	138,91	137,45	163,80	-16,1%
DKK	16,80	16,02	16,20	17,94	-9,7%
NOK	12,73	13,11	12,93	14,37	-10,0%
SEK	12,71	12,43	12,52	14,13	-11,4%
USD	104,42	112,82	106,78	120,67	-11,5%
JPY	0,93	0,97	0,95	1,11	-14,5%
CHF	107,07	110,81	108,43	122,50	-11,5%
CAD	83,32	83,72	82,36	91,08	-9,6%
HUF	0,40	0,38	0,39	0,43	-9,1%
CZK	4,89	4,41	4,58	4,94	-7,3%

Heildareignir í erlendum gjaldmiðlum samkvæmt ársreikningi nema 9.092 millj. kr. og heildarskuldir nema 8.833 millj. kr. í lok ársins. Í árslok var félagið með opna framvirka skuldastöðu í gjaldeyri að fjárhæð 518,9 millj. kr. Í lok árs 2016 námu heildareignir félagsins í erlendum gjaldmiðlum 11.268,1 millj. kr. og heildarskuldir námu 10.346,9 millj. kr.

Þann 31. desember 2017 var hlutfall gjaldeyrisjafnaðar 3,83% en árið áður nam hlutfallið 9% en skv. reglum Seðlabanka Íslands nr. 950/2010 segir að heildargjaldeyrisjöfnuður skuli hvorki vera jákvæður né neikvæður um hærri fjárhæð en sem nemur 15% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2017	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	3.203.342	3.439.845	(236.503)
GBP	610.074	590.234	19.840
CHF	10.867	10.552	315
DKK	45.208	44.723	485
NOK	6.328	3.754	2.574
SEK	67.647	65.356	2.291
USD	3.331.991	3.130.334	201.657
CAD	28.678	29.636	(958)
JPY	206.953	243.811	(36.858)
AUD	2.079	3.230	(1.151)
HUF	1.320.681	1.115.583	205.098
CZK	257.603	154.436	103.167
RUB	0	128	(128)
PLN	983	1.030	(47)
	9.092.434	8.832.652	259.782
Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2016	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	4.769.493	4.268.401	501.092
GBP	679.710	697.404	(17.694)
CHF	4.237	3.819	418
DKK	37.970	47.602	(9.632)
NOK	62.222	65.052	(2.830)
SEK	107.928	111.692	(3.764)
USD	4.861.459	4.652.649	208.810
CAD	33.284	49.919	(16.635)
JPY	221.172	194.786	26.386
AUD	3.649	5.480	(1.831)
HUF	353.892	179.083	174.809
CZK	130.542	70.653	59.889
RUB	0	393	(393)
PLN	2.551	0	2.551
	11.268.109	10.346.933	921.176

Næmnigreining

Í töflunni hér á eftir er sýnt hver áhrif af 5% og 10% lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðlum á reikningsskiladegi. Í töflu hér á undan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til, að undanskyldum eignarhlut félagsins í Visa Inc. í árslok 2017. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gjaldmiðlaáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðli er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Áhrif á afkomu og eigið fé, án fjáreigna til sölu:

	31.12.2017		31.12.2016	
	5%	10%	5%	10%
EUR	(9.460)	(18.920)	20.044	40.087
GBP	794	1.587	(708)	(1.416)
CHF	13	25	17	33
DKK	19	39	(385)	(771)
NOK	103	206	(113)	(226)
SEK	92	183	(151)	(301)
USD	8.066	16.133	8.352	16.705
CAD	(38)	(77)	(665)	(1.331)
JPY	(1.474)	(2.949)	1.055	2.111
AUD	(46)	(92)	(73)	(146)
HUF	8.204	16.408	6.992	13.985
CZK	4.127	8.253	2.396	4.791
RUB	(5)	(10)	(16)	(31)
PLN	(2)	(4)	102	204
	<u>10.391</u>	<u>20.783</u>	<u>36.847</u>	<u>73.694</u>

18.8 Útlánaáætta

Í útlánaáættu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að félagið tapar á fjármálagerningum sínum. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáættu.

Helsta útlánaáætta félagsins verður til með veitingu útlána. Fjárhæð útlánaáættu í þessu tilliti kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi. Auk framangreindrar útlánaáættu stendur félagið einnig frammi fyrir útlánaáættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýttra úttektarheimilda og veittra ábyrgða.

Útlánasafn: Til að viðhalda og bæta gæði útlánasafns félagsins er mikilvægt að fylgst sé stöðugt með núverandi lánasafni og að farið sé vel yfir allar lánsumsóknir þar sem þeim er hafnað strax sem ekki uppfylla skilyrði til lánveitinga. Hins vegar er það ekki stefna félagsins að veita aðeins lán sem fylgir lítil áhætta, heldur er mikilvægt að vextir veittra lána endurspegli bæði áhættu og kostnað sem þeim fylgir. Þetta táknar að ítarlegt mat á einstökum viðskiptavinum, fjárhagsstöðu þeirra og tryggingum er forsenda fyrir veitingu lána.

Undanfarin ár hefur félagið lagt áherslu á vel dreift útlánasafn og gæði útlána. Fyrirtækjasvið og áhættustjóri hafa eftirlit með útlánaáættu. Er það gert með tölulegri greiningu á lánasafninu, mati á áætluðu tapi, hugsanlegri áhættu í lánasafninu með tilliti til útlánaáættu, áhættu í einstökum atvinnugreinum, o.s.frv. Fyrirtækjasvið fylgist með stöðu einstakra viðskiptamanna og fjallar um einstök vanskilamál. Lánaferlar eru til stöðugrar skoðunar, þ.e. hvað varðar gagnasöfnun, útlánaheimildir, lánsumsóknir, skjalagerð og mat og skráningu trygginga.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Samkvæmt almennum lánareglum sem stjórn félagsins setur, takmarkast almenn lánaheimild forstjóra við 10% af eigin fé félagsins en eftir það fjallar stjórn um einstök mál. Forstjóri hefur framselt útlánaheimildir tilgreindra útlána til tiltekins starfsfólks. Öll lánamál utan heimilda starfsmanna koma til kasta lánanefndar, annað hvort til umræðu og ákvörðunar (stærri mál) eða til upplýsingar (minni mál). Í áhættustýringarreglum sem stjórn félagsins setur koma síðan fram skilyrði sem takmarka þessar almennu lánaheimildir forstjóra og annars starfsfólks.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:	31.12.2017	31.12.2016
Handbært fé	18.659.918	26.052.838
Kröfur á lánastofnanir	116.872	340.367
Kröfur á alþjóðleg kortafyrirtæki	3.080.807	2.159.016
Tryggingar vegna alþjóðlegra kortafyrirtækja	1.090.907	1.163.960
Útlán til viðskiptavina (einstaklingar)	3.287.863	3.612.818
Útlán til viðskiptavina (fyrirtæki)	1.075.834	772.841
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	997.600	1.125.500
Aðrar eignir	613.724	564.584
	<u>28.923.526</u>	<u>35.791.924</u>

Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

18.9 Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er áhættan á því að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum þegar þær gjaldfalla. Félagið þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Félagið hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika.

Fylgst er með lausafjánhættu með skýrslum um lausafjánhlotfall sem gerðar eru mánaðarlega. Lausafjánhlotfallið sýnir hlutfallið milli eigna og skulda eftir því hversu langt er til gjalddaga þeirra.

Samningsbundið sjóðsflæði fjáreigna og fjárskulda greinist þannig:

Skuldir 31.12.2017	2018	2019	Síðar	Samtals
Óvaxtaberandi	24.361.505	0	0	24.361.505
Með fljótandi vöxtum	3.913	0	379.181	383.093
	<u>24.365.418</u>	<u>0</u>	<u>379.181</u>	<u>24.744.598</u>
Eignir 31.12.2017				
Óvaxtaberandi	5.430.668	0	0	5.430.668
Með fljótandi vöxtum	20.341.880	604.251	969.733	21.915.865
Með föstum vöxtum	2.496.472	380.568	42.762	2.919.802
	<u>28.269.021</u>	<u>984.820</u>	<u>1.012.495</u>	<u>30.266.336</u>
Hrein staða 31.12.2017	<u>3.903.603</u>	<u>984.820</u>	<u>633.315</u>	<u>5.521.737</u>

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skuldir 31.12.2016	2017	2018	Síðar	Samtals
Óvaxtaberandi	26.921.096	0	0	26.921.096
Með fljótandi vöxtum	4.537	0	0	4.537
	<u>26.925.633</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>26.925.633</u>
Eignir 31.12.2016				
Óvaxtaberandi	4.420.703	0	0	4.420.703
Með fljótandi vöxtum	27.628.259	574.390	934.817	29.137.466
Með föstum vöxtum	2.773.437	408.410	20.043	3.201.889
	<u>34.822.399</u>	<u>982.800</u>	<u>954.860</u>	<u>36.760.059</u>
Hrein staða 31.12.2016	<u>7.896.766</u>	<u>982.800</u>	<u>954.860</u>	<u>9.834.426</u>

18.10 Endurkröfuáhætta

Áhætta sem félagið stendur frammi fyrir er að eftir að greitt hefur verið til viðskiptavina þess komi fram kröfur frá þriðja aðila sem draga hefði átt af greiðslu. Innan félagsins er fylgst með þróun endurkröfuhlutfalls af heildarveltu hjá seljendum. Félagið leggur mat á endurkröfuáhættu seljenda. Við mat er tekið tillit til tegundar viðskipta, viðskiptasögu og fleiri þátta. Einnig er stuðst við verklag er miðar að því að takmarka endurkröfuáhættu en samkvæmt verklagi er fylgst með stöðu seljenda og útgreiðslum hagað svo að dregið verði úr mögulegu fjáртjóni Borgunar hf. geti seljandi ekki staðið við skuldbindingar sínar.

18.11 Hlutabréfaverðsáhætta

Félagið á eignarhluti í öðrum félögum sem eru háðir hlutabréfaverðsáhættu, sem er hætta á því að gangvirði eignarhlutanna muni sveiflast vegna breytinga á verði þeirra.

Bókfært verð eignarhluta í öðrum félögum skiptist þannig í árslok:

	31.12.2017	31.12.2016
Eignarhlutir í óskráðum félögum	1.389.857	949.313
Samtals	<u>1.389.857</u>	<u>949.313</u>

Eignarhlutir í óskráðum félögum samanstanda af eignarhlut Borgunar hf. í Visa Inc. (förgangshlutabréf), B-Payment, Aur app ehf., Tomato ehf. og Reiknistofu bankanna hf. Eignarhlutur Borgunar hf. í Visa Inc. er flokkaður sem fjáreign til sölu. Nánari upplýsingar um eignarhlutinn, koma fram í skýringu 12. Á árinu 2017 seldi félagið hlut sinn í MasterCard Int.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

18.12 Hlutdeildarfélag

Borgun hf. gerði á árinu 2016 samning við B-Payment, ungverskan umboðsaðila Borgunar hf. sem er með starfstöðvar í Búdapest, Prag og Króatíu um kaup á öllu hlutafélagi síns. B-Payment býður seljendum í Mið-Evrópu færsluhirðingarþjónustu fyrir hönd Borgunar hf. á fyrrgreindum mörkuðum. Hlutir í B-Payment verða keyptir í nokkrum áföngum og mun félagið komast í meirihlutaeigu Borgunar hf. á árinu 2018 og verður að fullu í eigu Borgunar hf. í lok árs 2020. Samningur kveður á um að kaupverð hluta skuli taka mið af innra virði félagsins samkvæmt fyrirfram ákveðinni skilgreiningu.

Hlutdeildarfélag eru þau félag sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yferráð. Veruleg áhrif eru yfirleitt fyrir hendi þegar móðurfélag ræður yfir 20% eða meira af atkvæðamagni, þar á meðal mögulegum atkvæðisrétti, nema hægt sé að sýna fram á það með óyggjandi hætti að það sé ekki raunin. Fjárfesting í hlutdeildarfélagum er upphaflega færð á kostnaðarverði. Þeir þættir sem tekið er tillit til við ákvörðun á verulegum áhrifum eru sambærilegir þeim sem nauðsynlegir eru við mat á yferráðum yfir dótturfélagi.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi og bókfært virði eignarhlutar greinist þannig:

B-Payment, Hungary	2017	2016
Eignarhlutur	45%	35%
Arður fenginn frá hlutdeildarfélagi	0	0
Bókfært verð eignarhlutar	80.398	44.580

Borgun hf. færir hlut sinn á kostnaðarverði þar sem ekki liggja fyrir fjárhagsupplýsingar vegna hlutdeildarfélags.

19. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru móðurfélagið Íslandsbanki hf., dótturfélag hans, hlutdeildarfélag Borgunar hf., Eignarhaldsfélagið Borgun slf., stjórn Borgunar hf., forstjóri, forstöðumenn, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Þessi skilgreining er byggð á IAS 24.

Viðskipti við tengda aðila aðra en þá sem eru listaðir upp hér að neðan eru óveruleg. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Vísað er í skýringu 7 um laun og hlunnindi lykilstarfsmanna.

Viðskipti við tengd félög árið 2017

	Vaxtatekjur	Vaxtagjöld	Aðrar tekjur	Önnur gjöld	Kröfur	Skuldir
Íslandsbanki hf.	14.964	7.310	922.151	1.466.232	460.390	16.125
B-Payment	6.017	0	0	0	191.071	18.278
	20.981	7.310	922.151	1.466.232	651.462	34.402

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Viðskipti við tengd félög árið 2016

	Vaxtatekjur	Vaxtagjöld	Aðrar tekjur	Önnur gjöld	Kröfur	Skuldir
Íslandsbanki hf.	53.256	29.264	864.566	986.333	5.807.835	104.991
B-Payment	381	0	0	0	114.117	7.182
	53.637	29.264	864.566	986.333	5.921.952	112.172

20. Óvissar skuldir

Kortþjónustan ehf. stefndi nú sl. haust Borgun hf. ásamt Valitor hf., Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. að nýju til greiðslu bóta vegna tjóns er Kortþjónustan hf. telur sig hafa orðið fyrir vegna háttsemi sem lýst er í sátt Borgunar hf. frá 2014 og sáttum meðstefndu við Samkeppniseftirlitið. Um er að ræða nýja stefnu en máli hafði áður verið vísað frá Héraðsdómi og Hæstarétti fyrr á árinu. Ekki er hægt að segja fyrir um fjárhagsleg áhrif málsins á Borgun hf. að svo stöddu.

Landsbankinn hf. hefur höfðað mál, vegna atvika er tengjast sölu á hlutum í Borgun hf. á árinu 2014 á hendur Borgun hf., fv. forstjóra Borgunar hf., Eignarhaldsfélaginu Borgun slf. og BPS ehf. til viðurkenningar á bótaskyldu stefndu vegna söluhagnaðar er Landsbankinn hf. telur sig hafa orðið af. Ekki er hægt að segja fyrir um fjárhagsleg áhrif málsins á Borgun hf. að svo stöddu.

21. Önnur mál

Fjármálaeftirlitið gerði á árinu 2016 athugun á aðgerðum Borgunar hf. gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem og áhættustýringu og störfum stjórnar. Í kjölfar athugana birti Fjármálaeftirlitið Borgun hf. á fyrri hluta árs 2017 tvær skýrslur. Borgun hf. hefur orðið við athugasemdum Fjármálaeftirlitsins sem meðal annars lutu að því að félagið endurtæki áreiðanleikakannanir allra erlendra seljenda félagsins. Þeirri vinnu er nú að mestu lokið og hefur verið tekin ákvörðun um að ekki verði gerðir samningar um færsluhirðingarþjónustu við nýja seljendur sem selja þjónustu eingöngu yfir internetið utan heimamarkaða fyrr en að loknum úttektum eftirlitsaðila.

Hinn 9. júní 2017 gerðu Borgun hf. og Fjármálaeftirlitið með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 57. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. reglur nr. 388/2016 um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki en það var mat Fjármálaeftirlitsins að með eingreiðslu til allra starfsmanna haustið 2016 hefði félagið brotið gegn áður tilvitnuðu lagaákvæði. Borgun hf. féllst á að greiða sekt að fjárhæð 11,5 millj. kr.

Yfirlýsing um stjórnarhætti 2018

Stjórn Borgunar hf. leggur áherslu á að viðhafa góða stjórnarhætti þannig að tryggt sé að starf stjórnar og félagsins sé á hverjum tíma í samræmi við lög, reglur og viðmið um góða viðskiptahætti. Yfirlýsing þessi er gefin í samræmi við Leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti fyrirtækja (5. útg., 2015).

STJÓRN BORGUNAR

Utan hluthafafunda fer stjórn Borgunar hf. („Borgun“) með æðsta vald í málefnum félagsins.

Stjórn Borgunar hf. hefur skilgreint hlutverk sitt með eftirfarandi hætti:

„Hlutverk stjórnar Borgunar er að hafa eftirlit með rekstri félagsins, leitast við að greina þær áhættur sem fylgja starfsemi þess og setja áhættu á hverju starfssviði ásættanleg mörk. Stjórnin leggur áherslu á að viðhafa góða stjórnarhætti þannig að tryggt sé að starf stjórnar og félagsins sé á hverjum tíma í samræmi við lög, reglur og viðmið um góða viðskiptahætti. Þá vinnur stjórn félagsins að því að marka félaginu stefnu í samstarfi við stjórnendur og hafa eftirlit með framkvæmd hennar.“

Stjórn setur sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd stjórnarstarfa, ábyrgð og skyldur stjórnar.

Samþykktir félagsins og starfsreglur stjórnar má nálgast á heimasvæði Borgunar hf. www.borgun.is.

Í upphafi starfsárs leggur stjórn fram og samþykkir starfsáætlun fyrir starfsárið. Samkvæmt starfsáætlun hittist stjórn mánaðarlega yfir starfsárið eða oftár ef þurfa þykir. Þó er gert ráð fyrir að ekki sé fundað í júlímánuði. Varamenn eru boðaðir í forföllum aðalmanna. Á starfsárinu voru haldnir 26 stjórnarfundir og var stjórn fullskipuð á öllum fundum.

Á aðalfundi 2017 voru kjörnir í stjórn samkvæmt þágildandi samþykktum félagsins 5 menn og 2 til vara. Þar af voru 4 karlar og 3 konur. Allir stjórnarmenn Borgunar hf. eru óháðir Íslandsbanka hf., móðurfélagi Borgunar hf. Er skipun stjórnar því í samræmi við ákvæði sáttá Íslandsbanka og Borgunar hf. við Samkeppniseftirlit sem undirritaðar voru í júlí og ágúst 2014. Í sáttunum var sett fram það skilyrði að stjórnarmenn Borgunar skuli vera óháðir eigendum sem eru fjármálafyrirtæki.

Stjórnarmenn skulu á hverjum tíma uppfylla hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki. Við val stjórnarmanna skal gætt að ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, laga um hlutafélög og samkomulaga Borgunar hf. og Samkeppniseftirlits frá því í desember 2007 og ágúst 2014.

Tveir stjórnarmenn Borgunar hf. sitja í stjórn annars stærsta hluthafa félagsins, Eignarhaldsfélagsins Borgun sif. Annar stjórnarmannanna heldur á hlutum í Borgun hf. í gegnum áður nefnt samlagsfélag og hinn er venslaður aðila sem heldur óbeint á hlutum í Borgun hf. Aðrir stjórnarmenn eru með öllu óháðir bæði félaginu og eigendum þess. Með því að fylgja starfsreglum stjórnar telur stjórn að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra og er hér sérstaklega vísað til 5. kafla starfsreglna stjórnar.

Stjórn Borgunar hf. var svo skipuð á starfsárinu:

Aðalmenn: Erlendur Magnússon, Sigrún Helga Jóhannsdóttir, Björg Sigurðardóttir, Halldór Kristjánsson og Óskar Veturliði Sigurðsson.

Til vara: Kristín Magnúsdóttir og Benedikt Orri Einarsson.

Formaður stjórnar er Erlendur Magnússon. Varaformaður stjórnar er Sigrún Helga Jóhannsdóttir.

Stjórnarmenn:

Erlendur Magnússon (1956), er með BA gráðu í alþjóðastjórnarmálafræði frá Hamline University, St. Paul, Minnesota og M.Sc. í alþjóðasamskiptum frá London School of Economic and Political Science. Aðalstarf Erlendar er eigandi og stjórnarformaður Total Capital Partners LLP, London. Erlendur starfaði áður við fyrirtækjabankastörf í London árin 1989-1997 hjá Scandinavian Bank Group og Nomura Bank International og var frá 1997 - 2008 framkvæmdastjóri hjá FBA og síðar Íslandsbanka/Gliti. Erlendur var fyrst kjörinn í stjórn 11. desember 2014. Erlendur situr í stjórn Fjársjóðs ehf., fjárfestingafélags í eigu fjölskyldu hans, og í stjórnnum sjálfseignarstofnananna Hollvinir AFS á Íslandi og Ás Styrktarfélag. Utan Íslands situr Erlendur í stjórnnum félaga í Bretlandi, á Guernsey og í Bandaríkjunum og eru félög þessi annars vegar tengd Total Capital Partners LLP og

Yfirlýsing um stjórnarhætti 2018

hins vegar dóttur- og hlutdeildarfélög í eigu Fjársjóðs ehf. Erlendur hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

Sigrún Helga Jóhannsdóttir (1980) er með Cand. Jur. gráðu frá Háskóla Íslands og málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi. Sigrún er lögfræðingur Eikar fasteignafélags, var áður starfandi lögmaður og meðeigandi hjá Advel lögmönnum og hefur 12 ára starfsreynslu á sviði fyrirtækjalögfræði. Sigrún var fyrst kjörin í stjórn Borgunar hf. þann 4. mars 2010 og sat í stjórn til 21. febrúar 2013. Sigrún var svo aftur kjörin í stjórn félagsins á hluthafafundi þann 11. desember 2014. Önnur trúnaðarstörf Sigrúnar eru seta í stjórn Advel lögmanna slf. ásamt því að hafa setið í stjórn Azazo hf. 2013-2014. Sigrún heldur ekki á eignarhlutum í Borgun hf. Sigrún hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

Halldór Kristjánsson (1952) er rafmagnsverkfræðingur, Cand. Scient., og hefur Microsoft Office Specialist í Project verkefnastjórnun og Microsoft Certified Professional (MCP) gráður í stýrikerfum og netum. Halldór er framkvæmdastjóri Tölvu- og verkfræðipjónustunnar ehf. Á árunum 1976-1978 starfaði Halldór sem verkfræðingur á verkáætlanadeild Rafmagnsveitu Reykjavíkur og á árunum 1978-1986 starfaði Halldór sem verkfræðingur í tölvu- og rafeindatæknideild Smith og Norland. Þann 1. mars 1986 stofnaði Halldór Tölvu- og verkfræðipjónustuna ehf. Halldór var kjörinn í varastjórn Borgunar hf. þann 30. mars 2011 og sem aðalmaður í stjórn þann 16. febrúar 2012. Halldór heldur ekki á eignarhlutum í Borgun hf. en er venslaður aðila sem heldur óbeint á hlutum í Borgun hf. Halldór situr í stjórn Eignarhaldsfélagsins Borgun slf., Tölvu- og verkfræðipjónustunnar ehf., Símtaks ehf., Heimavalla GP ehf., Heimavalla hf., S73-77 ehf., E6 ehf., Tomato ehf., SIO ehf., Stálskips ehf., Fjárfestingarfélagssins Hlíð ehf. og NH eigna ehf. Halldór hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

Óskar Veturliði Sigurðsson (1974) er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og er sjálfstætt starfandi ráðgjafi. Á árunum 1998-2003 starfaði Óskar hjá Kreditkorti hf. við áhættu- og fjárstýringar, á árunum 2002-2007 hjá Actavis Group sem forstöðumaður áhættu- og fjárstýringar (e. Group Treasury), árið 2008 starfaði Óskar hjá Baugur London, capital structuring, á árunum 2009-2012 við ýmis ráðgjafastörf og sem ráðgjafi ISB korta árið 2014. Óskar var fyrst kjörinn í stjórn Borgunar hf. þann 19. febrúar 2015. Óskar situr í stjórn Spectabilis ehf., Eignarhaldsfélagsins Borgun slf., Orbis Borgun slf. og Orbis GP ehf. Eignarhlutur Óskars nemur 0,7% í Borgun hf. Óskar hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

Björg Sigurðardóttir (1959) er viðskiptafræðingur með Cand. Oecon. gráðu frá Háskóla Íslands. Hún varð löggiltur endurskoðandi árið 1989 og er nú sjálfstætt starfandi ráðgjafi. Björg vann sem endurskoðandi og var meðeigandi Deloitte á Íslandi fram til ársins 2013. Björg var fyrst kjörin í stjórn Borgunar hf. 19. febrúar 2015. Önnur trúnaðarstörf Bjargar eru seta í stjórn Eftirlitsnefndar fasteignasala frá 2010 ásamt því að hafa setið í stjórn Deloitte árin 2006-2013, verið yfirmaður síðamála hjá Deloitte 2011-2013 og setið í nokkrum nefndum Félags löggiltra endurskoðenda á árunum 1995-2014. Björg heldur ekki á hlutum í Borgun hf. Björg hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins

UNDIRNEFNDIR STJÓRNAR

Endurskoðunarnefnd

Stjórn skipar fulltrúa í endurskoðunarnefnd sbr. IX kafla A, laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Á síðasta starfsári skipuðu nefndina þrír stjórnarmenn Borgunar hf. þau Halldór Kristjánsson, Björg Sigurðardóttir og Óskar Veturliði Sigurðsson. Formaður endurskoðunarnefndar er Halldór Kristjánsson. Innri endurskoðandi Borgunar hf., sem setið hefur alla fundi nefndarinnar, hefur verið henni til ráðgjafar. Endurskoðunarnefnd samþykkir eigin starfsáætlun í upphafi starfsárs. Á starfsárinu fundaði nefndin 4 sinnum og var nefndin fullskipuð á öllum fundum. Starfsreglur endurskoðunarnefndar má nálgast á heimasvæði Borgunar hf. www.borgun.is.

Áhættunefnd

Stjórn skipar fulltrúa í áhættunefnd sem stofnuð var á árinu 2016 í samræmi við ákvæði í lögum um fjármálaframtækni, sbr. 78. gr. laga nr. 161/2002. Nefndina skipa Erlendur Magnússon, Sigrún Helga Jóhannsdóttir, Halldór Kristjánsson, Björg Sigurðardóttir og Óskar Veturliði Sigurðsson. Formaður áhættunefndar er Sigrún Helga Jóhannsdóttir. Á starfsárinu fundaði nefndin 7 sinnum og var nefndin fullskipuð á öllum fundum. Starfsreglur áhættunefndar má nálgast á heimasvæði Borgunar hf. www.borgun.is.

Yfirlýsing um stjórnarhætti 2018

Tilnefningarnefnd

Stjórn hefur ekki skipað sérstaka tilnefningarnefnd eins og mælt er til í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Ákvörðun þar um byggir stjórn m.a. á því að einungis tveir hluthafar fara með 94,35% hlutfjár og ekki þykir ástæða til að skipa nefnd til að taka við og rýna tillögur hluthafa um stjórnarmenn.

Árangursmat stjórnar

Stjórn Borgunar hf. framkvæmdi í desember sl. árangursmat í samræmi við gr. 2.6. í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórn tekur virkan þátt í stefnumótun félagsins og fylgist með innleiðingu og framgangi hennar með reglubundnum hætti. Stjórn ræður innri endurskoðanda, ritar undir erindisbréf hans og samþykkir árlega endurskoðunaráætlun. Skýrslur og niðurstöður úttekta innri endurskoðanda eru birtar stjórn milliliðalaust.

Stjórn ákveður hver eða hverjir hafi heimild til að skuldbinda félagið með samþykkt undirskriftarreglna og undirskriftarbókar.

FORSTJÓRI

Stjórn ræður forstjóra og veitir honum lausn, skilgreinir starfssvið hans og ábyrgð og ákveður laun og ráðningarkjör. Daglegur rekstur félagsins er í höndum forstjóra. Forstjóra til aðstoðar eru forstöðumenn deilda og sviða sem sitja í framkvæmdastjórn félagsins. Framkvæmdastjórn hittist á vikulegum fundum sem stýrt er af forstjóra.

Forstjóri Borgunar hf. frá 5. október 2007 til og með 10. janúar 2018 var Haukur Oddsson (1959). Haukur hefur M.Sc. gráðu í rafmagns- og tölvuverkfræði og B.s. gráðu í tölvunarfræði. Haukur starfaði hjá lðnaðarbankanum/Íslandsbanka/Gltni hf. á árinum 1984-2007 og gegndi þar síðast stöðu staðgengils bankastjóra. Haukur heldur á bréfum í félaginu í gegnum félögin BPS ehf. og Vetrakil ehf., en það félag er í sameign Hauks og eiginkonu hans. Samanlögð hlutaeign er innan við 3% af útgefnu hlutafé í félaginu. Ekki hafa verið gerðir kaupréttarsamningar við forstjóra. Haukur gegnir ekki trúnaðarstörfum fyrir aðra aðila en félagið að því undanskyldu að hann situr í stjórn félaganna Mós (húsfélag á Hesteyri) og Laska ehf. Haukur hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins. Vetrakil ehf. félag maka Hauks er aðili að samlagsfélaginu Eignarhaldsfélaginu Borgun slf. sem er næst stærsti hluthafi Borgunar hf.

Nýr forstjóri Borgunar, frá 11. janúar 2018, er Sæmundur Sæmundsson (1962). Sæmundur er með BS gráðu í tölvunarfræði frá University of Texas (1993), auk þess að hann hefur sótt ýmis námskeið tengd stjórnun og rekstri, þ.á m. The Executive Program við Darden Business School, University of Virginia. Frá 1998 til 2011 var Sæmundur forstjóri Teris og frá 2011 til 2017 var hann framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Sjóvá-Almennra trygginga hf. Sæmundur heldur ekki á bréfum í félaginu. Ekki hafa verið gerðir kaupréttarsamningar við forstjóra. Sæmundur gegnir ekki trúnaðarstörfum fyrir aðra aðila en félagið að því undanskildu að hann situr í stjórn félaganna Skuggsjá sf., Festu - miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja og Æðarræktarfélag Íslands. Sæmundur hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

FÉLAGIÐ

Borgun hf. starfar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki en Borgun hf. hefur leyfi sem lánaþyrirtæki. Borgun hf. fylgir jafnframt lögum um greiðsluþjónustu, lögum um aðgerðir gegn peningabætti, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, innheimtulögum sem og öllum öðrum lögum og reglum sem við eiga um félagið. Frekari upplýsingar um lög og reglur sem eiga við um félagið má finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins www.fme.is en Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi Borgunar hf. á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Innra eftirlit

Innra eftirlit Borgunar hf. er í höndum allra starfsmanna félagsins. Forstöðumenn skulu reglulega greina og meta áhættur á sínu ábyrgðarsviði. Einnig skulu þeir leggja mat á hvort rétt sé að innleiða ráðstafanir sem draga megi úr áhættu og hafa forgöngu um slíka innleiðingu. Það er einnig á ábyrgð forstöðumanna að kynna starfsmönnum þær reglur og aðrar ráðstafanir sem innleiddar hafa verið til að tryggja varnir félagsins gegn ytri og innri ógnum, sem og að videigandi starfsmenn hljóti þá þjálfun sem nauðsynleg er til að þeir geti uppfyllt skyldur sínar um varnir.

Yfirlýsing um stjórnarhætti 2018

Áhættustýring

Áhættustýring er heildstæð og sjálfstæð eining sem er óháð öðrum starfseiningum Borgunar hf. Áhættustýring hefur yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í starfsemi félagsins og sér til þess að fullnægjandi greining, mæling og skýrslugjöf fari fram. Áhættustjóri Borgunar hf. fer með dagleg verkefni í tengslum við áhættustýringu.

Reikningsskil og endurskoðun

Fjármálasvið Borgunar hf. gerir reikningsskil samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IFRS. Á aðalfundi félagsins er endurskoðandi eða endurskoðunarfélag kosið samkvæmt samþykktum félagsins.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun er útviðstæð til endurskoðunardeildar Íslandsbanka hf. Hlutverk innri endurskoðunar er að veita félaginu hlutlaust mat á því hvort áhættustýring, innra eftirlit og stjórnarhættir þess séu fullnægjandi.

Regluvörður

Regluvörður Borgunar hf. er hluti af innra eftirlitskerfi félagsins og starfar samkvæmt erindisbréfi sem er samþykkt af stjórn félagsins. Hlutverk regluvarðar er að gæta að því með frumkvæðisúttektum að innra skipulag Borgunar hf. sé í samræmi við gildandi lög, lögboðnar reglur og stjórnvaldsfyrirmæli er eiga við um starfsemi félagsins. Þá er regluvörður jafnframt ábyrgðarmaður skv. 22. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006. Það er hlutverk regluvarðar að tryggja að Borgun hf. uppfylli ávallt skyldur sínar samkvæmt lögnum og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2014 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Gildi, siðferðisviðmið og samfélagsleg ábyrgð

Borgun hf. hefur skilgreint og innleitt þau gildi sem félagið vill starfa eftir. Gildin sem höfð eru að leiðarljósi í öllum verkum félagsins eru „Vilji - Virði - Vissa“.

Borgun hf. hefur sett sér siðareglur sem m.a. hafa verið færðar inn í ráðningarsamninga félagsins. Starfsmönnum hafa verið kynntar reglurnar sem þeir hafa skuldbundið sig til að fara eftir.

Borgun hefur ekki lokið við að setja sér sérstaka stefnu um samfélagslega ábyrgð. Margir þeirra þátta sem mynda slíka stefnu eru þó þegar til staðar hjá félaginu s.s. áður nefndar siðareglur starfsmanna, jafnréttisstefna og markmið félagsins um aðbúnað starfsmanna. Einnig er rétt að benda á að í gildum félagsins er áhersla á gagnkvæman ávinning og eru starfsmenn reglulega minntir á að hafa það gildi, sem og önnur, að leiðarljósi í viðskiptum félagsins. Að lokum er rétt að minnast á að félagið styrkir á ári hverju mörg góð málefni.

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og /eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur úrskurðað vísast til ákvarðana Samkeppniseftirlitsins í tengslum við Borgun hf. o.fl. aðila, gagnsæistilkynninga Fjármálaeftirlitsins og samkomulags Borgunar hf. við Fjármálaeftirlitið.



MENU

- GRILL - BURGER (BUNNUR) 1200 ISK
- GRILL - BURGER (BUNNUR) 1200 ISK
- GRILL - BURGER (BUNNUR) 1200 ISK
- GRILL - BURGER (BUNNUR) 1200 ISK
- GRILL - BURGER (BUNNUR) 1200 ISK
- GRILL - BURGER (BUNNUR) 1200 ISK
- GRILL - BURGER (BUNNUR) 1200 ISK
- GRILL - BURGER (BUNNUR) 1200 ISK
- GRILL - BURGER (BUNNUR) 1200 ISK
- GRILL - BURGER (BUNNUR) 1200 ISK